

Þriðjudaginn 16. febrúar 1988.

Nr. 138/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Kristni Ingibergssyni

(Jón Oddsson hrl.)

Skírlífisbrot. Sönnun. Líkamsárás. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Hrafn Bragason og prófessor Sigurður Líndal.

Máli þessu var að ósk ákærða áfrýjað til Hæstaréttar með stefnu 31. mars 1987 og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar.

I.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal úrskurður lækna ráðs, dagsettur 5. desember 1987.

Málið er lagt fyrir lækna ráð á þá leið

að leitað er svara við eftirfarandi spurningum:

„1. Telur Lækna ráð, að fullnægjandi læknisrannsókn hafi farið fram á barninu Y, f. 1. janúar 1981, sbr. þau læknisvottorð, sem að því lúta?

2. Hvert er álit Lækna ráðs á niðurstöðum Hannesar Péturssonar yfirlæknis um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða Kristins, fellst ráðið á niðurstöður yfirlæknisins?

Málið var lagt fyrir réttarmáladeild ráðsins. Deildin afgreiddi það á fundi sínum 26. nóvember 1987 með svofelldri *tillögu um ályktun lækna ráðs*:

Ad.1. Lækna ráð telur að læknisrannsókn á Landspítalanum hafi verið fullnægjandi, en æskilegt hefði verið að gera sæðisrannsókn úr leggöngum barnsins við skoðun 14. júlí 1984, er grunur vaknaði um kynferðisafbrot.

Ad.2. Já. Þó vill lækna ráð vekja athygli á að í vottorði Hannesar Péturssonar á bls. 149 í ágripi kemur fram að stöku sinnum kvaðst Kristinn fá „black-outs“ ef hann drekki of mikið.“

II.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms varðandi ákæru, útgefna 21. september 1984, verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um kynferðismök við stúlkubarnið Y aðfaranótt laugar-dagsins 14. júlí 1984 á heimili sínu.

Brot ákærða ber að heimfæra til 202. gr., sbr. 200 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

III.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara varðandi ákæru útgefna 12. janúar 1987, svo og heimfærslu til refsíákvæða.

IV.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 202. gr., sbr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. mgr. 217. gr. sömu laga sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin fangelsi í 2 ár og 6 mánuði, en til frádráttar refs-ingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhald ákærða frá 27. júlí 1984 til 26. september 1984.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

Dráttur hefur orðið á rekstri málsins í héraði. Eigi verður séð að neitt sé aðhafst í málinu á tímabilinu frá 11. júní 1985 til 2. desember 1986. Ber að átélja héraðsdómarann fyrir drátt þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristinn Ingibergsson, sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð 50.000,00 krónur og málsvarn-arlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttar-lögmanns, 50.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Ákæruskjal 21. september 1984.

Ákærði hefur staðfastlega neitað við alla rannsókn málsins að vera sekur um verknad þann, sem honum er gefin sök á.

Sönnunarfærslan miðar einkum að því að sýna fram á að öðrum en ákærða sé ekki til að dreifa.

Samkvæmt ákæruskjali og sakargögnum koma til greina á aðfaranótt eða að morgni laugardagsins 14. júlí tvö tímabil, sem ákærði kann að hafa unnið verknadinn á, annars vegar sá tími er ákærði var einn hjá barninu og hins vegar tíminn kl. 4-11 um morguninn.

Málið var kært til rannsóknarlögreglu ríkisins mánudaginn 16. júlí 1984 kl. 14.35. Vettvangsrannsókn fór fram kl. 16 sama dag. Kl. 18 samdægurs gerði tæknideild rannsóknarlögreglunnar leit að blóði á nokkrum munum, sem teknir voru við skoðun á vettvangi. Blóðsvörun samkvæmt prófunum var í öllum tilvikum neikvæð, þ.e. að blóð fannst ekki. Ég tel að af þessari athugun megi ekki álykta, að blóð hafi eigi komið á leiktæki þessi eða muni á þeim tíma er hér skiptir máli. Það kann hugsanlega að hafa máðst af þeim, t.d. í leik með þau. Móðir barnsins er ein til frásagnar um, að barnið hafi ekki verið búíð að fá áverkann þegar hún háttaði það. Þegar litið er til þess að komið var á þriðja sólarhring frá því að áverkinn er talinn hafa átt sér stað og þar til vettvangsrannsókn fór fram og sakargögn að öðru leyti ekki ótvíræð um það að ekki kunni um slys eða sjálfsáverka að vera að ræða, þykir ekki loku fyrir það skotið að svo kunni að vera.

Ákærði var einn hjá barninu nokkra stund. Í héraðsdómi er hún talin vera 30-45 mínútur. Sú tímaákvörðun styðst við framburð eins vitnis fyrir dómi. Hjá rannsóknarlögreglu bar þetta vitni á annan veg um tímalengdina. Móðir barnsins taldi tímann í mesta lagi hafa verið 20 mínútur og ákærði taldi hann hafa verið ca. 15 mínútur. Hér ber að miða við skemmri tímann. Er ólíklegt að ákærði hafi á þessari stundu veitt barninu áverkann og tekist að svæfa það áður en móðirin kom.

Ferill ákærða föstudaginn 13. júlí er þessi. Samkvæmt sakargögnum fór ákærði til vinnu kl. 7 um morguninn og ekki er annað upp-

lýst en hann hafi verið á vinnustað um daginn að því frátöldu að hann var sendur með tanka niður á afgreiðslu Ríkisskips. Kl. 17:55 ekur hann starfsfólki úr vinnunni, borðar heima hjá sér um kl. 18:30 og er aftur kominn til vinnu rétt upp úr kl. 19. Þar er hann fram til þess er hann fer á sólbaðstofu í Reykjavík um kl. 22. Ferill hans eftir það er rakinn í héraðsdómi. Þar er einnig gerð grein fyrir áfengisneyslu hans um nóttina og því að hann og sambýliskona hans fóru að sofa um kl. 4 og öðrum atvikum í því sambandi. Ákærði hefur því haft langan vinnudag og verið að minnsta kosti búinn að vaka í 21 klukkustund. Þegar á öll atvik málsins er litið og þó sérstaklega það, að verknaðurinn er talinn hafa átt sér stað að móðurinni sofandi í sama herbergi og barnið og án þess að hún vaknaði, þykir verða að gjalda nokkurn varhug við þeirri staðhæfingu.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir skýrslum læknis og hjúkrunarfólks. Vitni þessi hafa ekki staðfest þær með eiði eða drengskaparheiti. Þá er í málinu vottorð Erlu Jónsdóttur deildarstjóra. Hún hefur ekki staðfest það fyrir dómi. Við mat á þessum sönnunargögnum ber að hafa í huga, að stúlkubarnið Y var aðeins 3 1/2 árs gamalt. Ekki kemur fram nákvæmlega hvernig spurningar þær, sem fyrir það voru lagðar, voru orðaðar og eigi þykir verða á því byggt þótt vitnin sjálf lýsi yfir því að þær hafi ekki verið leiðandi. Svör barnsins virðast samkvæmt framburðum þessum hafa verið nokkuð á reiki svo sem: „ekkert“, „enginn“, „Daniel hafi gert það“ og „pabbi hennar hafi gert það með tippinu“ og svo „að sjálf hafi hún meitt sig í dúllunni“. Stundum hafi hún ekki viljað um málið tala.

Sálfræðiskýrsla sú, er frammi liggur í málinu er frá 19. mars 1986 eða um 20 mánuðum eftir atburðinn. Ekki er vitað hverju hefur verið haldið að barninu á þessum tíma að því er varðaði ákærða. Þykir skýrslan því þegar af þessari ástæðu hafa léttvægt sönnunargildi um sekt ákærða. Ástæða er að geta þess að út frá því er gengið í skýrslunni, að barnið hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi af hendi ákærða. Í lokaorðum hennar segir m.a.: „Móðir afneitar algerlega verknaði Kristins og gefur þau skilaboð til telpunnar. Þetta verður að taka breytingum. Annars vegar þarf móðir hjálp til að takast á við varnir sínar, hins vegar þarf telpan að fá að vita hinar raunverulegu ástæður fyrir því umstangi sem byrjaði á miðju ári 1984.“ Og síðar segir: „Nauðsynlegt er að móður verði gerð grein fyrir þessu.“

Dómskýrslu sambýliskonu ákærða 12. febrúar 1987 er getið í héraðsdómi, en þar koma fram breytt viðhorf hjá henni. Athuga ber að skýrsla þessi breytir í engu fyrri skýrslum hennar um atburðarásina.

Í ályktun í skýrslu Hannesar Péturssonar yfirlæknis, dags. 8. nóvember 1984 um geðheilbrigðisrannsókn á ákærða segir svo: „Geðrannsókn hefur eigi leitt í ljós merki um afbrigðilegan kynferðisprosa eða hegðun þó slíkt útiloki að sjálfsögðu ekki að Kristinn kunni að hafa gerst sekur um framangreindan verknað. Af þeim gögnum sem liggja fyrir verður heldur ekki ráðið að nein sérstök kynlífsvandamál eða aðrar geðrænar truflanir hafi verið til staðar sem gætu hugsanlega skýrt verknað þann, sem Kristni er gert að sök að hafa framið.“ Læknaráð hefur fallist á niðurstöður skýrslu yfirlæknisins.

Atvik málsins benda með vissum hætti til þess, að ákærði sé sekur um kynrænt ofbeldi gagnvart barninu Y og þá einkum það, að öðrum karlmanni sé ekki til að dreifa. Þar sem hins vegar ýmislegt veikir sönnunargildi sakargagnanna, eins og að framan er vikið að og þau metin í heild sinni, þykir ekki komin fram fullnægjandi sönnun um sekt ákærða og ber því að sýkna hann með tilvísun til 108 gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Ákæruskjal 12. janúar 1987.

Ákærði telst sannur að sök um ákæruefnið svo sem greint er í héraðsdómi.

Með vísan til framanritaðs tel ég, að ákærði eigi að sæta sekt til ríkissjóðs að fjárhæð 50.000,00 krónur.

Málsvarnarlaun ákærða í héraði til handa dr. Gunnlaugi Þórðarsyni hæstaréttarlögmanni ákveðast 50.000,00 krónur og til handa Jóni Oddssyni hæstaréttarlögmanni fyrir flutning málsins fyrir Hæstarétti 50.000,00 krónur. Málsvarnarlaunin greiðist að 4/5 hlutum úr ríkissjóði en ákærði greiði 1/5 hluta. Ákærði greiði sak-sóknarlaun í ríkissjóð 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 10. mars 1987.

Ár 1987, þriðjudaginn 10. mars, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar, sem háð er í réttarsal embættisins að Strandgötu 31, Hafnarfirði af Finn-

boga H. Alexanderssýni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2137/1984: Ákærvaldið gegn Kristni Ingibergssýni.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 18. febrúar sl. að afloknum munnlegum málflutningi, er af ákærvaldsins hálfu höfðað fyrir dóminum með ákærum útgefnum 21. september 1984 og 12. janúar 1987 á hendur Kristni Ingibergssýni bifreiðarstjóra, Hafnarfirði, fæddum 30. júlí 1956 í Hafnarfirði, fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19, 1940.

A. Samkvæmt ákæru útgefni 21. september 1984 er ákærða gefið að sök að hafa aðfaranótt eða að morgni laugardagsins 14. júlí 1984 á ofangreindu heimili sínu og sambýliskonu sinnar haft samræði við stúlkubarnið Y, fædda 1. janúar 1981, dóttur sambýliskonunnar, þannig að rífa myndaðist í meyarhaft barnsins og fleiður í slímhúð vulva, með því að þrýsta getnaðarlim sínum inn í sköp barnsins, eða viðhaft önnur kynferðismök við barnið með framangreindum afleiðingum.

Telst þetta varða við 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 1. mgr. 200. gr., sbr. 202. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

B. Samkvæmt ákæru útgefni 12. janúar 1987 er ákærða gefin að sök líkamsárás með því að hafa að morgni 15. nóvember 1986 fyrir utan heimili sitt í leigubifreiðinni Y-1878 ráðist á ökumann bifreiðarinnar, Sigrúnu Arnarsdóttur, úr aftursæti bifreiðarinnar og tekið föstu taki um háls hennar með báðum höndum og haldið henni þannig um stund með þeim afleiðingum að Sigrún marðist framan á hálsi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist.

Við munnlegan málflutning féll ákærvaldið frá skaðabótakröfu, þar sem ákærði og leigubifreiðarstjórinn höfðu gert með sér samkomulag um greiðslu skaðabóta.

Af hálfu skipaðs verjanda ákærða, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hrl., er sú krafa gerð að ákærði verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins og honum tildæmd hæfileg málsvarnarlaun úr ríkissjóði, en til vara að ákærði verði dæmdur í vægustu refsingu, er lög heimila og að til frádráttar refsingu hans komi gæsluvarðhaldsvist hans og að verjandanum verði tildæmd hæfileg málsvarnarlaun.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 30. júlí 1956 í Hafnarfirði, hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1973 26/11 í Hafnarfirði: Sátt: 500 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.

1981 21/10 í Hafnarfirði: Sátt: 520 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

1982 25/2 í Hafnarfirði: Sátt: 800 kr. sekt f. brot g. 50. gr. umfl.

Málavextir:

A.

1. Atburðarás samkvæmt skýrslum ákærða og X hjá rannsóknarlög-reglu og fyrir dómi og skýrslum vitna.

Ákærði og X bjuggu saman að H-götu í óvígðri sambúð á árinu 1984. X átti dóttur, Y, sem fædd var árið 1981 og var hjá þeim. Föstudaginn 13. júlí 1984 kom X heim með dóttur sína um kvöldmatarleytið. Til hennar kom þá systir ákærða og drukku þær saman eitt rósavinsglas. Hún borðaði kvöldmat hjá X og einnig kom ákærði heim í kvöldmat en fór síðan aftur til vinnu. Systir ákærða fór síðan með barn sitt. X fór til vinnu og kom barninu fyrir í pössun á meðan. Hún kom síðan heim um kl. 22:00 og fór að laga til í íbúðinni og háttaði síðan barnið Y og þvoði því hátt og lágt og lagði það síðan í rúmið. X segir að þá hafi hún ekkert athugavert séð við barnið. X settist síðan inn í stofu, horfði á sjónvarpið og beið eftir ákærða sem hafði unnið frameftir. Ákærði fór eftir vinnu þetta kvöld með bróður sínum á sólbadstofu í Reykjavík sem ákærði stundaði vegna húð-sjúkdóms. Á leiðinni heim komu þeir bræður við hjá vinnufélaga þeirra en héldu síðan báðir heim til ákærða. Bróðir ákærða hafði þá hafið neyslu áfengis. Þeir komu heim til ákærða eftir miðnætti og var X þá farið að lengja eftir ákærða og var hún m.a. búin að spyrjast fyrir um hann á heimili foreldra hans og á sólbadstofunni.

Ákærði drakk nokkur staup af rósavíni eftir að heim var komið og einnig fékk X sér 2 staup.

Ákærði og bróðir hans vildu nú fara á dansleik en X var treg til þess í fyrstu, en lét þó til leiðast að lokum. Þau höfðu nú samband við nokkra ættingja ákærða í því skyni að útvega barnagæslu, en er það tókst ekki var ákveðið að þeir bræður færu einir á dansleikinn og bauðst X til að aka þeim þangað í bifreið bróur ákærða. Um kl. 02:30 ók hún þeim á dansleikinn og skildi barnið Y, sem þá var sofandi, eitt eftir heima. Dansstaðurinn var stutt frá heimili ákærða og fór X strax aftur heim. Um kl. 03:00 ók hún aftur að dansstaðnum til þess að sækja ákærða og bróður hans og var barnið sofandi er hún fór út. Hún fór inn á dansstaðinn, hitti þar ákærða og sagði honum að ná í bróður sinn og koma út í bíl. Hún fór síðan út og skömmu síðar komu í bílinn ákærði, bróðir hans og stúlka, sem var með þeim síðarnefnda. Bróðir ákærða var talsvert undir áfengisáhrifum. Ákærði var undir áfengisáhrifum en ekki mikið eftir því sem þau ákærði og X bera. Ákærði drakk eitt glas af tvöföldum brennivíni (sic) á dansleiknum og fékk þar að auki sopa og sopa hjá fólki sem hann þekkti á dansleiknum. X ók nú heim til þeirra ákærða þar sem hann yfirgaf

bifreiðina, en X ók nú bróður ákærða heim með viðkomu á nætursölu þar sem hann verslaði. Eftir að hafa ekið bróður ákærða og stúlkunni, sem hann var með, heim, ók X heim og fór þar inn. Hún kvað ákærða hafa verið inni á baði að bursta í sér tennurnar er hún kom heim og hafi hann verið í nærbuxum einum fata. X burstaði í sér tennurnar og lagðist til hvílu. Áður breiddi hún sængina ofan á barn sitt og sá þá ekkert athugavert við það. Þau ákærði og X höfðu nú fullkomnar samfarir að þeirra sögn og fóru síðan að sofa.

Morguninn eftir vaknaði X við það að barið var að dyrum. Hún fór til dyra og opnaði og var þar komin telpa, sem var að spyrja eftir dóttur X. Hún hleypti henni inn og um sama leyti hringdi síminn og var það bróðir ákærða að spyrja eftir honum. Er hún kom inn í svefnherbergið var telpan risin upp í rúminu og ákærði að vakna. X tók nú telpuna upp og sá þá að rúm hennar var blautt. X hélt í fyrstu að telpan hefði pissað undir en er hún fór með hana á salernið til að láta hana pissa, tók hún eftir því að blóð var í nærbuxum telpunnar. Hún setti tepluna á klósettið en hún vildi ekki pissa. Hún spurði telpuna þá hvað fyrir hefði komið en telpan svaraði „ekkert“. X sýndi nú ákærða hvað um væri að ræða og tókst honum síðan að eigin sögn að fá telpuna til að pissa. Ákærði kvaðst síðan hafa þurrkað á telpunni klofið og hafi hún þá sagt: „Ekki gera fast, mér er illt.“

X áleit að um eitthvað álíka væri að ræða og í maímánuði þetta ár, en þá var telpan flutt á Landakotsspítala. Þá hafði telpan vaknað einn morgun og verið öll á iði og vírst liða illa. Þá tók X eftir því að blóð var í nærbuxum telpunnar sem talað hafði um að hún gæti ekki pissað. X skoðaði telpuna þá og varð hún vör við blóð og roða á kynfærum hennar. Læknar á Landakotsspítala tjáðu þá X að hvorki væri um þvagfærasýkingu né blóðrubólgu að ræða, en talið var að um bakteríu væri að ræða. X kvaðst þá hafa séð blóð koma út um legop telpunnar.

X fannst blóðið vera meira nú en í fyrra skiptið.

X reyndi að ná sambandi við Björn Guðbrandsson lækni á Landakotsspítala, sem skoðað hafði telpuna í fyrra skiptið, en það bar ekki árangur. Hins vegar var henni bent á að fara með telpuna á skyndivakt Landspítalans. X hringdi nú í móður sína og leitaði ráða hjá henni. Það dróst fram eftir degi að X færi með telpuna á spítalann, þar sem þennan dag var verið að setja útidyrhúrd heima hjá henni og eins voru gestir í heimsókn, sem hún þurfti að gefa kaffi. X kvað telpuna hafa verið hressa og hafi hún getað pissað og því ekki liðið eins illa og í fyrra skiptið.

Þau X og ákærði fóru með telpuna laust fyrir kl. 17:00 þennan dag á skyndivakt Barnaspítalans Hringsins þar sem hún var lögð inn til rannsóknar.

X kvaðst hafa verið ein hjá telpunni á spítalanum þetta kvöld og þá spurt hana hvort einhver hafi verið að meiða hana. Telpan hafi fyrst svarað „enginn“, síðan nefnt strákinn hjá G ömmu en síðan hafi hún sagt að pabbi hafi gert það. Er X reyndi að spyrja telpuna nánar út í þetta, þá hafi telpan sagt að enginn hefði meitt hana. X kvaðst ekki geta áttað sig á því hvað sé rétt af því sem telpan segi í þessum efnum, en telpan sé gjörn á að segja skáldsögur af sjálfri sér og eins eigi hún það til, þegar hún er spurð, að tala um eitthvað annað eða eyða því sem verið er að spyrja hana um, sé það eitthvað verra.

Telpan var tekin til skoðunar á Barnaspítala Hringsins sama dag og komið var með hana á spítalann og segir svo í vottorði Gests Pálssonar barnalæknis, dagsettu 20. júlí 1984:

„Að beiðni rannsóknarlögreglu ríkisins vottast að hinn 14. júlí 1984, laust fyrir kl. 17:00, kom á skyndivakt Barnaspítala Hringsins, Landsspítalanum, Y, f. 01.01. '81, í fylgd móður sinnar og fósturföður, Kristins Ingibergssonar. Komið var með stúlkuna vegna ferskrar blæðingar frá kynfærum. Móðir stúlkunnar upplýsti að hún hefði þvegið stúlkunni að neðan kvöldið áður og þá ekki orðið vör við neitt óeðlilegt, en um morguninn, þegar stúlkan vaknaði í rúmi sínu, hefðu kynfæri hennar verið blóðug, auk þess sem blóð var í lakinu. Talsvert hafði blætt frá því um morguninn að sögn móðurinnar, og hafði hún skipt um bindi á stúlkunni á 1 - 2ja klst. fresti. Einnig upplýsti móðirin að stúlkan hefði verið innlögð á barnadeild Landakotsspítala í byrjun maí 1984 vegna blæðingar frá kynfærum og þvagteppu.

Skoðun við komu leiddi í ljós gott almennt ástand, stúlkan var hraustleg, eðlilega þroskuð. Greinileg blæðing frá kynfærum og þar sem stúlkan kveinkaði sér mjög þegar komið var við kynfæri hennar, var ákveðið að frekari rannsókn færi fram í svæfingu. Leitað var aðstoðar sérfræðings á kvennadeild Landsspítalans. Rannsóknin leiddi í ljós greinilega rifu í hymen kl. 6, sem gekk niður í vulva aftanvert, u.þ.b. 1 cm á lengd og myndaði fleyglaga fleiður í slímhúðina. Frá þessu svæði blæddi smáblæðingu. Ennfremur sást fleiður í hymen u.þ.b. kl. 11, en slímhúðin ofan hymen virtist eðlileg að því er best varð séð með hjálp tveggja bómullarpinna. Til að stöðva blæðinguna voru settir tveir saumar í slímhúðina.

Hér er um áverka að ræða sem ekki hefur fundist viðhlítandi skýring á. Sterkur grunur er um misbeitingu valds gagnvart stúlkunni og málið því tilkynnt félagsmálastofnun Garðabæjar.“

Gestur Pálsson ræddi nokkrum sinnum við X þessa helgi um áverka telpunnar, en hún kunni enga skýringu á því hvað fyrir hefði komið. Mánudagsmorguninn 16. júlí þetta ár ræddi læknirinn á ný við X. Hann skýrði henni frá skoðuninni á telpunni og áverkum á henni. Hann spurði X hvort

hún og ákærði hefðu verið ein hjá telpunni um nóttina og svaraði X því játandi. Þá sagði læknirinn X að fram hefði komið hjá telpunni áður en hún fór í aðgerðina, að pabbi hennar hefði meitt hana og eftir því kæmi ekki annað til greina en að ákærði ætti sök á ákverk-anum. X kvað þetta hafa komið eins og kalda vatnsgusu yfir sig en fram að þeim tíma hafi enginn grunur verið með henni um að ákærði gæti hafa átt sök á þessu. Er læknirinn ræddi við X í þetta sinn fékk hann upplýsingar um ákærða, hringdi í hann og boðaði hann til viðtals á spítalann.

X fór út frá læknum og beið komu ákærða á spítalann. Er hann kom tjáði X honum hvað læknirinn hefði sagt og hváði ákærði við. X sagði honum þá frá því að læknirinn hefði spurt hana hvort þau hafi verið ein með barnið og hvort þau hafi neytt áfengis. X bað ákærða að segja sem minnst við lækinn.

Hún kvaðst ekki hafa viljað að það fréttist að telpan hefði verið skilin ein eftir í smástund.

X og ákærði ræddu nú við lækinn, sem skýrði ákærða frá áverkum telpunnar og lét þess getið að vísa yrði málinu til barnaverndar-nefndar.

Ákærði og X yfirgáfu nú spítalann og ákváðu að halda á fund móður X sem er starfsmaður á félagsmálaskrifstofu. Á leiðinni ræddu ákærði og X um málið. X ræddi um þann möguleika að einhver hefði komist inn í íbúðina á meðan þau voru ekki heima eða án þess að þau yrðu þess vör, en þau hafi svo talið þennan möguleika útilokaðan. Ekki hafði komið til tals á þessari stundu að málið kæmi til kasta lögreglu. X ræddi við ákærða um þau orð læknisins, að ákærði kynni að eiga sök á meiðslum telpunnar. Ákærða þótti þetta skrítið og var X sammála honum um það að undarlegt væri að hún hefði ekki orðið vör við neitt.

X og ákærði ákváðu að leyna því að þau hefðu haft vín um hönd umrætt kvöld og að hafa skilið barnið eitt eftir heima.

Er ákærði og X komu til móður X á félagsmálaskrifstofu G-bæjar, var Gestur Pálsson barnalæknir búinn að ræða við hana og tilkynna henni um málið.

Fóru nú móðir X, ákærði og X á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins í Kópavogi og óskuðu eftir rannsókn á meiðslum telpunnar Y.

X skýrði RLR frá því að er hún hefði komið inn í herbergi telpunnar kl. 11:00 umræddan laugardagsmorgun hefði hún tekið eftir því að telpan var blóðug á kynfærnum. Leitað hefði verið með hana til læknis og væri hún nú á Barnadeild Landspítalans. Þau óskuðu öll eftir því að RLR hlut-aðist til um rannsókn á því með hvaða hætti telpan hefði orðið fyrir þessum áverkum.

Rannsóknarlögregla ríkisins hóf þegar vettvangsrannsókn á heimili ákærða og X. Gluggar íbúðarinnar voru sérstaklega athugaðir og var ekki sjáanlegt að inn um þá hefði verið farið. Föt telpunnar, sem hún hafði verið í umrædda nótt, og rúmföt hennar voru tekin til sérstakrar rannsóknar á tæknideild RLR. Sérstök leit var gerð að einhverjum hlut sem telpan kynni að hafa skaðað sig á. Í því sambandi fannst ekkert nema rúmfjöl úr krossviði sem stungið er niður með rúmstokk og dýnu, er barnið sefur, tvær plastdúkkur og lítið hjól. Þessir hlutir voru teknir til rannsóknar. Teknar voru ljósmyndir á vettvangi.

Næsta dag hafði X samband við RLR og skýrði þeim frá því að hún hefði orðið vör við blóðbletti á rúmi barnsins. Rannsóknarlögreglumenn komu þegar á vettvang og ljósmynduðu blettina og gerðu á þeim blóðþróf og reyndust blettirnir blóð. Á gafl barnarúmsins reyndist vera einn blettur, 4 á úthlið höðfagafls, á skúffu undir barnarúminu reyndust vera 2 blóðtaumar. Á horni ofns ofan við rúmið reyndist vera blóðblettur sem reynt hafði verið að þvo burt. Þá reyndist vera blóddropi á sængurverí í hjónarúmi.

Við tæknilega rannsókn á rúmfatnaði og náttfötum telpunnar fannst blóðblettur á sængurverí, blóðkám á nátttreyju, náttbuxur blóðugar í klofi og á vinstri skálm, blóðtaumur á faldi nærbols og nærbuxur voru gegnbleyttar af blóði í klofi og blóðkámugar að framan. Ekki fundust sæðisblettir á þessum hlutum.

Að morgni þriðjudagsins 17. júlí þetta ár fór Erla Jónsdóttir, deildarstjóri RLR, á Barnaspítala Hringins og lék og ræddi við telpuna í eina klst. og barst talið að „meiddinu“ sem væri þess valdandi að hún væri á sjúkrahúsi. Telpan var nokkrum sinnum spurð að því hvernig hún hefði meitt sig og svaraði hún því með orðunum „ekkert, enginn“. Síðar eftir að búið var að leika við telpuna og lesa fyrir hana, sagði telpan „að pabbi hafi gert meiddið“.

Þrír starfsmenn barnadeildar gáfu skýrslu hjá rannsóknarlögreglu þann 19. júlí 1984.

Rut Petersen hjúkrunarfærðingur kvaðst hafa komið á vakt kl. 23:30 laugardagskvöldið 14. júlí og hafi þá skömmu síðar verið komið með telpuna Y inn á deildina eftir svæfingu. Hún kvað telpuna hafa sofið til rúmlega 05:00. Hún kvaðst hafa sinnt telpunni eftir að hún vaknaði og hafi hún vírst hress og úthvild. Telpan hafi beðið um að fá að fara á klósettið

og pissa og hafi hún farið með hana þangað og rætt við telpuna á meðan. Hún kvað telpuna hafa virst glaða yfir því að geta pissað, sem hún hafi verið hrædd um að geta ekki. Hún kvaðst hafa spurt telpuna hvernig hún hafi meitt sig og telpan svarað því til að Daníel hefði gert það og að hann væri tveggja ára. Svo hefði telpan ekki viljað ræða meira um meiddið. Hún kvaðst síðan hafa mælt telpuna og tekið af henni kompressu og hefði telpan kveinkað sér er hún lyfti annarri rasskinn hennar.

Hún kvaðst hafa sinnt öðrum börnum eftir þetta og hefði telpan verið á stjái á meðan og viljað vera góð við litlu börnin. Hún hefði verið sísýrjandi og talað mikið. Hún kvað einu sinni hafa komið fram hjá telpunni á þessum tíma að pabbi hennar hefði meitt hana. Hún kvað þetta hafa komið óvænt hjá telpunni. Hún kvað telpuna hafa haft á orði nokkru síðar eða um kl. 06:30 til 07:00, er verið var að skipta um bleyju á og sinna litlum dreng, að allir strákar væru með tippi en stelpur með dúllur.

Nokkru síðar hafi Anna Soffía sjúkraliði, sem einnig var að sinna drengnum, spurt telpuna hvernig pabbi hennar hafi meitt hana. Telpan hafi þá svarað að bragði að pabbi hennar hafi gert það með tippinu, en síðan hafi hún ekkert viljað tala meira um það. Hún kvað Sigríði Oddsdóttur sjúkraliða hafa spurt telpuna, eftir að fyrst kom fram hjá henni að pabbi hennar hefði meitt hana, hvort það hefði verið vont og hafi telpan svarað því játandi og aðspurð sagt að mamma hennar hafi þá verið heima.

Hún kvaðst síðan ekki hafa heyrt telpuna minnst meira á hvernig hún hafi meitt sig og kvaðst hún halda að hún hafi ekki verið spurð frekar um þetta af hjúkrunarfólki. Hún kvað telpuna skýra og tali hún mikið og við alla. Hún virðist jafnframt klók.

Anna Soffía Sverrisdóttir sjúkraliði kvaðst ekki hafa verið að sinna telpunni Y, eftir að hún vaknaði umræddan morgun, en telpan hafi þó verið á stjái og verið að sniglast kringum starfsfólkið. Hún kvaðst ekki hafa spurt telpuna hvernig hún hefði meitt sig, en heyrt að þetta var fært í tal við telpuna sem þá hafi nefnt pabba sinn. Hún kvaðst nokkru síðar hafa verið að sinna veikum dreng ásamt Rut Petersen hjúkrunarfræðingi. Telpan hefði þá staðið við hlið sér og verið með allan hugann við drenginn, séð á honum tippið og haft orð á því. Svo hefði hún sagt að sjálf hefði hún meitt sig í dúllunni. Hún kvað þær Rut ekki hafa verið að tala neitt við telpuna, en á þessum tímamarki kvaðst hún hafa spurt telpuna hvernig pabbi hennar hefði meitt hana. Hún hefði þá svarað að bragði: „Með tippinu“.

Hún kvað telpuna hafa verið með allan hugann við drenginn og þetta svar hennar hefði virst koma mjög eðlilega og án allrar umhugsunar.

Sigríður Elsa Oddsdóttir sjúkraliði kvaðst hafa talað við telpuna eftir að hún vaknaði umræddan morgun. Hún kvað telpuna hafa sagt að nú

hefði hún getað pissað en það hafi hún ekki getað síðast þegar hún var á spítala. Hún kvaðst síðan hafa rætt við telpuna eins og rætt er við börn, en svo spurt hana hvar hún hefði meitt sig. Telpan hefði þá bent á höndina á sér en þar hafi hún verið með nál eftir skoðunina kvöldið áður. Þá hefði hún pissað og virst vikja að fyrri veru sinni á spítala. Hún kvað greinilegt að telpan hefði verið að vikja talinu frá því sem hún vildi ekki tala um. Hún kvaðst því hafa spurt telpuna, hvort hún hefði ekki meitt sig á öðrum stað og hefði telpan þá bent niður en ekki sagt neitt. Við ítrekun spurningarinnar hefði telpan sagt: „Á dúllunni“. Hún kvaðst þá hafa spurt telpuna hvernig hún hafi meitt sig en telpan hafi þá leitt talið að einhverju öðru og ekki getað svarað. Hún kvaðst hafa haldið áfram að spyrja og spurt hvort það hefði verið vont. Því hefði telpan svarað játandi og bætt við að það hefði komið blóð. Hún kvaðst þá hafa spurt hvernig hún hefði meitt sig. Telpan hefði þá svarað mjög lágt: „Pabbi gerði það“, og litið undan um leið. Hún kvaðst þá hafa spurt hvort það hefði verið vont og telpan svarað því játandi, þá spurt hvort hún hefði farið að gráta, og aftur hefði telpan svarað játandi. Hún kvaðst hafa spurt telpuna hvar mamma hennar hefði verið en því hefði telpan ekki svarað en yppt öxlum eins og hún setti mömmu sína ekki í samband við þetta. Hún kvaðst þá hafa spurt telpuna hvort mamma hennar hefði verið sofandi og hefði telpan svarað því játandi. Hún kvað sér hafa fundist við svar síðustu spurningarinnar að telpan hefði ekki haft hugmynd um hvar mamma hennar hefði verið. Þá kvaðst hún hafa spurt telpuna hvort hún segði ekki alltaf satt og hefði telpan svarað því játandi en virst annars hugar. Hún kvaðst því hafa spurt um þetta aftur í ákveðnari tón og hefði telpan þá hækkað róminn og svarað „já“. Þá kvaðst hún hafa spurt beint hver hefði meitt hana og telpan þá svarað ákveðið „pabbi, pabbi“. Hún kvaðst eftir þetta ekki hafa spurt telpuna meira, enda ekki viljað leggja meiri pressu á hana þar sem hún hefði greinilega ekki viljað tala um þetta. Hún kvaðst síðar um morguninn hafa heyrt telpuna svara Önnu Soffiu sjúkraliða og segja að pabbi hennar hefði gert það með typpinu. Áður hafi hún talað um að allir strákar væru með typpi en stelpur með dúllu. Hún kvaðst svo hafa spurt telpuna aftur síðar um morguninn hvernig hún hafi meitt sig og telpan þá svarað hiklaust að pabbi hennar hefði gert það með typpinu. Hún kvað telpuna hafa verið hressa og glaðlega og talað mikið, nema þegar talað hafi verið við hana um það hvernig hún hefði meitt sig, en þá hafi hún orðið flóttaleg og reynt að leiða talið að öðru. Þó hefði telpan talað hiklaust er hún heyrði hana segja frá því að pabbi hennar hefði gert það með typpinu. Svo hafi einnig verið síðar um morguninn er hún spurði hana sjálf. Hún kvað telpuna hafa vaknað þriðjudagsmorguninn 17. júlí kl. 07:00 og sagt að hún þyrfti að pissa. Hún kvaðst hafa vitað að taka átti þvagprufu og því sagt telpunni

að hún yrði að pissa í kopp og hún þyrfti að þvo henni áður svo allt yrði hreint. Telpa hafi lagst út af og verið samvinnuþýð, en þegar hún hafi ætlað að þurrka henni með grisju, sem í var sótthreinsandi vökvi, þá hafi telpa sagt: „Þú mátt ekki pota í hana.“ Hún hafi þá spurt: „Pota í hvað?“ og hafi telpa þá sagt að ekki mætti pota í dúlluna og bætt við að ekki mætti pota í dúlluna og bent á tannstöngul sem hún hafi verið með á milli tannanna. Hún kvaðst þá hafa spurt hvort einhver hefði verið að pota og hefði telpa þá sagt að pabbi hennar hefði gert það með typpinu.

Hún kvað telpuna hafa farið fram á ganginn í dag og hafi hún haldið á henni til baka. Telpa hefði þá spurt hvort hún vildi ekki halda um rassinn á henni og hafi hún svarað því til að hún gerði það. Þá hafi telpa spurt sig, hvort hún ætlaði ekki að pota í hana og beinlínis sagt: „Potaðu í hana.“ Hún kvaðst ekki hafa svarað henni en sussað á hana.

Framangreind vitni gáfu skýrslur fyrir dómi og staðfestu skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglu. Skýrslur vitnanna fyrir dómi voru í samræmi við skýrslur þeirra hjá rannsóknarlögreglu.

Rut Petersen hjúkrunarfræðingur kvað telpuna hafa virst vel greinda miðað við aldur og skýra og hefði hún haft mikinn orðaforða miðað við aldur. Hún kvaðst hafa heyrt telpuna segja að pabbi hennar hefði meitt hana með typpinu. Hún kvaðst hafa veitt því sérstaka athygli er telpa sagði: „Ég get pissað.“ Hins vegar kvaðst vitnið ekki hafa áttað sig á þýðingu þessara orða fyrr en hún hefði lesið skýrsluna um telpuna.

Anna Soffía Sverrisdóttir sjúkraliði kvað telpuna hafa verið á stjái í kringum þær Rut hjúkrunarfræðing er þær voru að sinna litlum dreng sem hafi verið nakinn og hafi telpa þá haft á orði að drengir væru með typpi en telpur með dúllur. Hún kvað telpuna svo hafa sagt allt í einu upp úr þurru að pabbi hennar hefði meitt hana með typpinu. Er henni var bent á framburð hennar hjá RLR varðandi þetta atriði, þá kvaðst hún telja að hún hefði spurt telpuna að þessu eins og fram komi í skýrslu hennar hjá RLR. Hún kvað svar telpunnar hafa virst koma eðlilega og í tengslum við umönnun þeirra á drengnum og hugleiðingum telpunnar um hann. Hún minntist þess ekki að hafa heyrt telpuna minnst á þetta aftur.

Sigríður Elsa Oddsdóttir sjúkraliði kvað telpuna hafa verið mjög ánægða með að geta pissað og hafi hún sett það mjög í samband við veru sína á Landakotsspítala fyrr um vorið, en þá hefði hún ekki getað pissað. Hún kvaðst hafa spurt telpuna að því hvernig hún hefði meitt sig og hefði hún þá orðið mjög flóttaleg og horft niður. Hún kvaðst þá hafa beðið telpuna að horfa á sig og hafi telpa þá svarað allt í einu að pabbi hefði gert það með typpinu. Hún kvað Gest Pálsson barnalækni hafa beðið starfsfólkið

á deildinni að vera vakandi gagnvart því sem barnið segði eftir að það vaknaði, en þá væri mest að marka framburð þess.

Hún kveður þær á deildinni ekki hafa spurt barnið leiðandi spurninga og sjálf kvaðst hún ekki hafa getað trúað því að hlutur sem þessi hafi getað gerst. Hún kvaðst hins vegar hafa trúað barninu.

5.

Gestur Ingi Pálsson barnalæknir, f. 23.11. 1946, kom fyrir dóm og staðfesti læknisvottorð sitt sem að framan er rakið. Hann skýrði svo frá að komið hefði verið með stúlkuna Y á skyndivakt Barnaspítalans umrætt kvöld án þess að boð væri áður gert. Hringt hefði verið á bjöllu. Hann kvað móður telpunnar hafa skýrt svo frá að hún hefði þvegið telpunni að neðan kvöldi áður og hefði þá allt verið edlilegt. Morguninn eftir hefði hún hins vegar verið blóðug að neðan og töluvert blætt úr kynfærum hennar, þannig að skipta hefði þurft um bindi á henni á 1 - 2 tíma fresti yfir daginn. Móðir telpunnar hefði enga skýringu getað gefið á þessu en látið þess getið að þetta hafi skeð áður eða í maí 1984 og hefði telpa þá verið lögð inn á Landakotsspítala. Hann kvað telpuna fyrst hafa verið skoðaða með venjulegum hætti en síðan hefði hún verið svæfð og þá skoðuð ítarlega og hefðu þá komið í ljós þeir áverkar sem lýst sé í læknisvottorði. Hann kvaðst hafa spurt telpuna hvað fyrir hafi komið eftir að hún vaknaði, og hefði hún svarað að bragði að pabbi hennar hafi gert það með typpinu. Hann kvað spurninguna ekki hafa verið leiðandi. Hann hafi aðeins spurt um hvað fyrir hafi komið.

Í framhaldi af þessu kvaðst hann hafa rætt nokkrum sinnum við móður telpunnar, en hún hefði enga skýringu getað gefið á því hvað gerst hefði. Eftir það hefði henni verið tjáð að tilkynna yrði málið til barnaverndarnefndar Garðakaupstaðar. Hann kvað ástæðu þess að málið var ekki tilkynnt strax í upphafi þá að hér sé um mjög alvarlega ásökun að ræða sem fara verði mjög varlega með og eins hitt að reynt sé í fremstu lög að gefa móður kost á því að finna skýringu á hlutunum. Hann kvað ljóst að áverkar telpunnar stöfuðu af einhverju, sem stungið hefði verið inn í kynfærin.

Hann kvað kynferðisbrot gagnvart börnum á þessum aldri algengari en áður var talið. Hann kvað það algengt að komið sé seinna til læknis með börn sem fyrir slíku verða og þá engar skýringar fyrir hendi. Slasist börn hins vegar á kynfærum með öðrum hætti sé strax komið með þau til læknis og skýringar þá á reiðum höndum. Hann kvað ljóst að áverkar telpunnar stafi af hlut sem stungið hafi verið inn í kynfæri telpunnar, en ekki sé hægt að fullyrða að þeir stafi frá kynfærum karlmanns. Hann kvað áverkana ekki geta stafað frá þrýstingu utan frá, heldur þurfi hlutur sá er áverkanum

veldur að ganga inn í kynfærin, þannig að slímhúðin rofni. Hann kvað börn á þessum aldri skýra afdráttarlaust frá því sem gerist og jafnframt þekki þau ekki til kynlífs. Hann kvað áverka Y geta komið heim og saman við það að penis hefði verið stungið inn í kynfæri hennar.

Hann kvaðst hafa verið í 5 ár í framhaldsnámi í barnalækningum í Svíþjóð og starfað þar á barnspítala og þar hafi ekki verið óalgengt að komið væri með börn sem orðið höfðu fyrir kynferðisbrotum og hafi mikil áhersla verið lögð á það við lækna að vera vakandi gagnvart slíkum hlutum í störfum sínum.

6.

Eins og rakið er í þætti 1 hér að framan var atburðarás máls þessa á þann hátt sem þar kemur fram samkvæmt framburðum ákærða og X og framburði vitna. Hvorki ákærði né X hafa á hinn bóginn gefið skýringu á tilkomu þeirra áverka sem telpan Y hlaut umrædda nótt. Ákærði hefur við allar yfirheyrslur, bæði hjá RLR og fyrir dómi, alfarið neitað sök. Þá hefur X við allar yfirheyrslur, að undanskilinni yfirheyrslu fyrir dómi þann 12. febrúar sl. og síðar verður rakinn (sic), talið af og frá að ákærði kynni að hafa gerst sekur um ofbeldisverk gagnvart telpunni, enda væri ekkert í fari hans sem bent gæti til þess að hann gæti verið valdur að slíkum verknaði.

Ákærði og X voru fyrst yfirheyrð hjá RLR þann 17. júlí 1984 og ákærði þá sem grunaður. Við fyrstu yfirheyrslur leyndu þau ákærði og X mikilvægum staðreyndum sem kynnu að hafa haft áhrif á frumrannsókn málsins ef þær hefðu legið ljósar fyrir strax í upphafi. Ákærði og X sammæltust um að leyna þessum atriðum, en ekki er ljóst hvort þeirra átti meira frumkvæði. Ákærði telur X hafa átt meira frumkvæði að röngum framburði, en X telur að þau hafi átt jafnmikinn þátt í að taka þá ákvörðun.

Þau atriði sem ákærði og X leyndu bæði lækni og rannsóknaraðila voru þau, í fyrsta lagi að þau hefðu haft vín um hönd umrædda nótt, í öðru lagi að þau hefðu skilið barnið eftir eitt heima á meðan X ók ákærða og bróður hans á dansleik og á meðan X sótti þá aftur á dansleikinn, og í þriðja lagi að ákærði hefði verið einn með telpunni um tíma umrædda nótt á meðan X ók bróður ákærða og stúlku, sem með honum var, heim.

Þessum atriðum leyndu ákærði og X við yfirheyrslur hjá RLR 17. júlí, 25. júlí og 27. júlí 1984. Það var síðan í yfirheyrslu hjá RLR þann 30. júlí þetta ár sem ákærði skýrði rétt frá þessum atriðum, en þá hafði hann verið hnepptur í gæsluvarðhald. Við yfirheyrslu hjá RLR þann 31. júlí s.á. breytti svo X framburði sínum varðandi þessi atriði.

Ákærði og X hafa gefið þá skýringu á þessum ranga framburði þeirra að þau hafi ekki viljað að það vitnaðist að þau hefðu skilið barnið eftir

eitt heima umrædda nótt vegna ótta X um að telpan yrði þá tekin af henni. Þá hafi það einnig verið inni í myndinni að þau hafi viljað leyna atriðum sem felldu gætu grun á ákærða.

Í þessu sambandi skýrði ákærði bróður sínum frá því að hann væri sakaður um að hafa valdið telpunni áverkunum og það hann bróður sinn að skýra ranglega frá þessum atriðum ef hann yrði yfirheyrður. Bróðir ákærða skoraðist síðan undan því að gefa vitnaskýrslu er hann var boðaður til yfirheyrslu en gaf síðan skýrslu eftir að X hafði samband við hann og tjáði honum að þau ákærði hefðu sagt satt og rétt frá þessu og það X hann að segja sannleikann. Bróðir ákærða kvað ákærða hafa lagt höfuðáherslu á að ekki mætti fréttast að hann hefði verið einn með telpunni um stund umrædda nótt. Framburður bróður ákærða hjá RLR og fyrir dómi verður nánar rakinn síðar.

Eins og áður er rakið hefur X haldið fram sakleysi ákærða fram að lokum rannsóknar málsins. Hún hefur bæði hjá RLR og fyrir dómi lýst því yfir að sambúð þeirra ákærða hafi verið góð og kynlíf þeirra eðlilegt og hafi þau nánast haft samfarir á hverri nóttu. Hún kvaðst aldrei hafa orðið vör við neitt óeðlilegt í kynferðislífi þeirra af hálfu ákærða.

X kvað telpuna hafa hænst að ákærða og fljótlega farið að kalla hann pabba. Hún kveður ákærða hafa verið góðan við telpuna en þó látið hana hlýða sér.

Við fyrstu yfirheyrslur hjá RLR bar ákærða og X ekki saman um það hvort þeirra hefði tekið telpuna upp er þau vöknudu umræddan morgun og farið með hana fram á salerni. Ákærði skýrði svo frá í sinni fyrstu skýrslu að hann hefði heyrt X tala um að allt væri í blóði í rúmi telpunnar. Hann minnti að telpan hefði þá setið uppi í rúminu og hefði hann þá tekið hana upp, haldið annarri hendi undir rassinn á henni og hinni um bakið og haldið þannig á henni fram á klósett og sagt henni að pissa. Hún hafi sagt í fyrstu að hún gæti það ekki en síðan hafi hún getað það strax og haft sjálf orð á því. Hann kvaðst síðan hafa þurrkað henni um klofið og hafi hún þá sagt: „Ekki gera fast, mér er illt.“

X skýrði hins vegar frá því að hún hefði sjálf farið með telpuna fram á klósett og sagt henni að pissa en síðan hefði ákærði komið og hún þá sagt honum frá blóðinu. Við síðari yfirheyrslur báru ákærði og X, að X hefði farið með telpuna fram á klósett og taldi ákærði það hafa verið misminni hjá sér að hann hefði gert það.

Ákærði skýrði frá því fyrir dómi að X hefði verið búin að reyna að láta telpuna pissa en án árangurs, og hefði hann þá tekið við og getað platað telpuna til að pissa með því að segja henni að gera það fyrir pabba, því annars yrði hún að fara á spítala til þess.

X kvað ákærða aldrei hafa beitt hana þvingunum í sambandi við fram-

burði hennar vegna málsins. Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi að hann hefði sagt bróður sínum að óheppilegt væri að fram kæmi að hann hafi verið einn með barninu eftir að hann fékk vitneskju um að til stæði að loka hann inni. Ákærði skýrði frá því fyrir dómi að fyrir hafi komið að hann missti minnið eða lenti í svokölluðu „Black out“, hafi hann neytt mikils áfengis og myndi hann þá ekki vissa tímapunkta fyrr en síðar. Hann kvaðst þó ekki hafa neytt það mikils áfengis umrætt sinn að um slíkt minnisleysi hafi verið að ræða. Síðar er ákærði kom fyrir dóm lýsti hann því yfir að eftir mikla áfengisneyslu myndi hann ekki vissa tímapunkta, aðallega um það leyti sem hann færi að sofa.

Ákærði kvaðst ekki hafa verið undir miklum áfengisáhrifum umrædda nótt enda aðeins búinn að drekka 2-3 glös af rósavíni og 2 glös af tvöföldum vodka.

Framburður vitna:

Móðir X, G, félagsmálastjóri, skýrði svo frá fyrir dómi að dóttir hennar hefði hringt í sig umræddan laugardag á milli kl. 11:30 - 12:00 og sagt sér að telpan væri aftur komin með blæðingar. Hún kvaðst hafa ráðlagt henni að hafa samband við Landakotsspítala. Hún kvað Gest Pálsson barnalækni hafa hringt í sig mánudaginn 16. júlí um hádegisbil og tjáð sér að eitthvað alvarlegt hefði komið fyrir telpuna. Hún tjáði læknum að hún myndi meðhöndla þetta mál eins og hvert annað mál. Hún kvað ákærða og X síðan hafa komið skömmu síðar frá læknum og hafi X verið grátandi og vart viðræðuhæf. Ákærða hefði verið brugðið og hann sagð: „Þeir halda að ég hafi gert þetta.“ Hún kvað þau síðan hafa rætt málið og ákveðið að tilkynna málið til RLR. Hún kvaðst hafa rætt málið við Gest Pálsson lækni og nefnt ýmislegt sem barnið kynni að hafa skaðað sig á, en læknirinn hafi talið það af og frá, talið þetta óþarft tal og virst viss í sinni sök. Hún kvaðst hins vegar hafa talið eðlilegt að fleiri læknar skoðuðu barnið, en því hafi ekki verið sinnt. Hún bar ákærða góða sögu og kvað hann hafa verið hjálpsaman og aldrei hafa skipt skapi. Hann hafi búið um skeið á heimili hennar með X. Hún kvað barnið hafa verið hænt að ákærða og kallað hann pabba. Barnið hafi hlýtt ákærða betur en henni og X. Hún kvaðst eitt sinn hafa spurt barnið er það var á salerni, hver hafi meitt það, og hafi barnið þá svarað: „Enginn“. Í annað sinn hafi hún spurt um það sama og barnið svarað á sömu lund. Hún kvaðst þá hafa spurt barnið: „Hver segir það?“ Svar barnsins var: „Mamma“. Hún leit of langan tíma hafa liðið frá því að læknirinn lét álit sitt í ljós og þau tilkynntu RLR málið og þangað til ákærði var hnepptur í gæsluvarðhald, enda hafi hann umgengist barnið á spítalanum eftir að kæra var lögð fram á hendur honum. Hún kvaðst ekki hafa trúað þessu upp á ákærða og kvað hún samband ákærða og X hafa verið gott.

Bróðir ákærða gaf skýrslu hjá RLR og fyrir dómi. Hann lýsti ferðum þeirra ákærða um kvöldið 13. júlí 1984, komu þeirra á heimili ákærða, för þeirra á dansleikinn og akstri X með hann og vinkonu hans heim með viðkomu á heimili ákærða þar sem ákærði fór inn og viðkomu þeirra á B.S.H. Hann kvaðst hafa verið alldrukkinn og mundi hann frekar lítið eftir dansleiknum. Hann kvaðst hafa komið heim til ákærða morguninn eftir og hefði hann þá heyrt X tala um að hún væri með dömubindi á telpunni og að blóð læki niður af henni og hefði hún talað um að hún skildi ekki hvað fyrir hefði komið. Þá hafi verið talað um að fara með telpuna til læknis en það dregist vegna ísetningar útidryra. Hann kvað telpuna hafa virst hressa. Hann kvað ákærða hafa tjáð sér, nokkrum dögum áður en hann var handtekinn, að grunur beindist að honum og getið um úrskurð lækna. Ákærði hafi þá sagt að hann og X vildu ekki að það kæmi fram að ákærði hefði verið einn um tíma með telpunni umrædda nótt. Hann kvað ákærða síðan hafa sagt sér frá þessu smátt og smátt og hefði hann þá valið þann kost að skorast undan vitnisburði fremur en að segja ósatt. Hann kvaðst ekki hafa spurt ákærða hvort hann ætti sök á meiðslum telpunnar, enda talið það fjarstæðukennt, og sjálfur hafi ákærði ekkert sagt sem benti til þess. Hann kvað söguna sem hann átti að segja hafa gengið út á það að ekki kæmi fram að ákærði hefði verið einn með telpunni. Hann kvað X hafa ítrekað þetta við sig eftir að ákærði hafði verið hneptur í varðhald. Síðar hafi X svo haft samband við hann og beðið hann að skýra rétt frá. Hann mundi ekki hvort hann hringdi í ákærða umræddan morgun.

Hann staðfesti framburð sinn fyrir dómi og kvað hann ákærða hafa lagt megináherslu á það, að ekki vitnaðist að hann hefði verið einn með barninu og hafi X síðan ítrekað það.

I, stúlka sú er bróðir ákærða fór með heim af dansleiknum, skýrði frá málavöxtum hjá RLR og fyrir dómi. Hún kvað X hafa ekið ákærða, henni og bróður ákærða heim umrædda nótt, sett ákærða úr bifreiðinni heima hjá honum en síðan ekið að B.S.H., þar sem þau hefðu verslað, og ekið þeim bróður ákærða síðan heim til hans þar sem hún hafi gist. Hún kvað þau hafa verið í ca ½ klst. til 3 stundarfjórðunga í bílaröð við B.S.H. Hún kvað bróður ákærða hafa verið ölvaðan en ekki hafi hún tekið eftir því hvort ákærði var undir áfengisáhrifum. Hún kvaðst hafa komið heim til ákærða um kl. 15:00 daginn eftir og ekki veitt neinu sérstöku athygli. Hún kvaðst þó hafa veitt því athygli að X skipaði 3 smákrökkum að fara inn í herbergi og lokaði.

G, mágkona X, skýrði frá því hjá RLR að ákærði hefði hringt heim til hennar aðfaranótt laugardagsins 14. júlí 1984 á milli kl. 00:30 og 01:00 og beðið um barnapíu, en ekki hefði reynst unnt að verða við þeirri bön. Hún kvaðst hafa komið heim til ákærða eftir kl. 16:00 umræddan laugar-

dag og hefðu smiðir þá verið við störf. Hún kvað X hafa sagt sér að byrjað væri að blæða úr telpunni og hefði það uppgötvast um kl. 11:00 þennan morgun. X hafi sagt að um nýtt blóð væri að ræða sem ekki væri einu sinni farið að storkna á útjöðrum. Hún kvað X hafa reynt að ná í Björn Guðbrandsson barnalækni, er hún var stódd þarna, en það hafi ekki tekist. Hún kvaðst því hafa lagt til að farið yrði með telpuna á skyndivakt Landspítalans.

G, bróðir ákærða, skýrði svo frá hjá RLR að ákærði hefði hringt umrædda nótt og beðið um barnapiu, en því hafi ekki verið hægt að sinna.

I, hálf systir ákærða, skýrði svo frá að hún hefði farið með þriggja ára dóttur sína í pössun hjá X föstudaginn 13. júlí þetta ár og sótt hana aftur um kvöldmatarleytið. Hún kvaðst svo hafa farið um kl. 20:00 og hafi X þá verið að fara til vinnu svo og ákærði. Hún kvað X hafa verið að skipta á báðum telpunum er hún kom þangað, en þær höfðu báðar verið búnar að pissa í sig. Hún kvað X hafa þvegið þeim báðum að neðan og hafi hún ekkert athugavert séð við dóttur X. Hún kvað tvisvar hafa verið hringt frá heimili ákærða umrædda nótt í því skyni að fá barnagæslu, sem ekki hafi verið unnt að veita.

Smiður sá sem setti útidyr í íbúð ákærða kvaðst hafa komið þangað á milli kl. 14:00 - 15:00 þennan laugardag og verið að til kl. 17:00. Hann kvaðst ekkert hafa orðið var við umræður um meiðsli telpunnar. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við áfengisáhrif á neinum í íbúðinni og ekki við glös eða flöskur í íbúðinni er benti til áfengisdrykkju.

S.S., sem áður hafði búið á sama stað og ákærði og X, kvað X hafa hringt aðfaranótt umrædds laugardags og beðið um að dóttir hennar A passaði telpuna, þar sem ákærði og bróðir hans, sem væru komnir „í glas“, vildu fara á dansleik. Hún kvaðst ekki hafa viljað vekja dóttur sína til að fara að passa svona seint. Hún kvað dóttur sína A oft hafa farið til X að degi til eftir að þau fluttu til að leika við dóttur X. Hún kvað A hafa farið til X um kl. 11:00 umræddan laugardagsmorgun og hefði hún síðan sagt henni að fara ætti með dóttur X á spítala, þar sem mikið blóð hafi verið í nærbuxum hennar.

Telpan A, fædd 1973, skýrði RLR frá því að hún hefði komið heim til ákærða morguninn eftir fyrir hádegi, eftir að telpan Y meiddi sig. Hún kvaðst hafa bankað 3 sinnum og hafi X þá komið til dyra. Hún kvaðst þá hafa spurt eftir dóttur X og hefði X þá sagt sér að bíða í ganginum og hefði X farið inn í herbergið. Hún kvaðst hafa heyrt X segja við ákærða að allt væri á floti í rúmi telpunnar. X hafi síðan komið fram með telpuna og ætlað að láta hana pissa en þá hafi hún sagt að hún gæti það ekki. Telpan hafi síðan verið klædd og þær farið út að leika sér. Hún kvaðst hafa séð blóð í nærbuxum telpunnar, þegar X fór með hana á klósettið.

Hún kvað X hafa verið í slopp en síðan hafi ákærði komið fram og hafi einungis verið í nærbuxum. Hún kvaðst hafa leikið við telpuna frammi á gangi eftir að búið var að klæða hana, en síðan hefðu þær farið út að leika sér eftir að ákærði hafi látið telpuna pissa. Hún kvaðst ekkert hafa spurt telpuna hvernig hún hefði meitt sig. Hún kvaðst aldrei hafa orðið þess vör að einhver væri dónalegur við telpuna.

B.R.H., sem ákærði kvaðst hafa hitt á dansleiknum, mundi ekki eftir að hafa hitt hann. Hann kvaðst hafa verið talsvert undir áfengisáhrifum og gæti það því verið rétt hjá ákærða að hann hafi gefið honum áfengi því slíkt ætti hann til við slíkar aðstæður.

Skýrsla Gests Pálssonar barnalæknis varðandi veikindi telpunnar í ársbyrjun 1986.

Gestur Pálsson skýrði svo frá fyrir dóminum að í febrúar 1986 hefði Marta Bergmann félagsráðgjafi haft samband við sig vegna blóðs sem þá hefði orðið vart við í buxum telpunnar sem þá var hjá kynföður hennar vestur á fjörðum. Hann kvað telpuna hafa komið suður til skoðunar og hafi þá komið í ljós við skoðun að vörtur höfðu myndast í kynfærum hennar. Hann kvað um hafa verið að ræða eiginlegan kynsjúkdóm sem smitast við kynmök. Hann kvað telpuna hafa verið lagða inn og rannsakaða með tilliti til þess hvort blæðingarnar gætu stafað af öðru en vörtunum og hafi svo eigi reynst vera. Hann kvað kvensjúkdómafræðing hafa brennt vörturnar burt. Hann kvað svona vörtur ekki valda sársauka en hins vegar blæðingum. Sjúkdómur þessi kallist á fræðimáli „Condylomata Accumminata“. Hann kvað sjúkdóm þennan óalgengan hjá börnum en hins vegar sé vaxandi tíðni sjúkdómsins meðal fullorðinna. Hann kvað fræðilegan möguleika á smitun sjúkdómsins á annan hátt en við samfarir, t.d. að kynfæri snertist eða að eitthvað snerti kynfæri sem áður hefði snert vörtur sýkts kynfæris. Hann kvað þann sem valdi slíkri smitun hljóta að hafa haft sjúkdóminn um tíma og vitað af því. Þó sé hugsanlegt að sá sem beri veiruna á milli, t.d. frá konu, sýkist ekki sjálfur. Meðgöngutíma sjúkdómsins kvað hann geta verið frá 2 mánuðum til 2ja ára áður en einkenna hans yrði vart. Hann kvað kvensjúkdómafræðinginn hafa saumað slímhúð við meyarhaft telpunnar í júlí 1984, en þá hefði blætt mikið. Við skoðun í febrúar 1986 hafi sést merki eldri áverka. Hann kvað áverkann í júlí 1984 geta samsvarað því að limi hafi verið stungið inn í kynfæri telpunnar. Hann kvað sivalning eða penis hafa verið stungið inn í kynfæri hennar umrætt sinn ca 3 - 4 cm, er meyarhaft hennar var skaddað. Hann kvað útilokað að barn gæti gert þetta sjálft, slíkur sé sársaukinn. Hann kvað lýsingu á einkennum telpunnar í maí 1984 gefa til kynna að um kynferðislega misnotkun geti hafa verið að ræða þá, eins og í júlí s.á., en þvag-

teppa geti orsakast af ertingu kynfæra og þvagrásarops. Hann kvað kynfæri telpunnar ekki hafa verið skoðuð í maí 1984, heldur hefði þvag verið tekið með slöngu. Hann kvað mögulegt að limur fullvaxins karlmanns geti hafa farið þessa 3 - 4 cm inn í kynfæri 3 - 4 ára barns með þeim afleiðingum sem í tilfelli telpunnar greini.

Ákærði var spurður fyrir dómi hvort hann væri haldinn eða hafi verið haldinn kynsjúkdómi eða sjúkdómi á kynfærum og hvort hann hafi leitað sér lækninga af þeim sökum og kvað hann svo ekki vera, en hins vegar hefði hann legið á sjúkrahúsi vegna psoraisis. Af hálfu réttarins var Jón Guðgeirsson húdsjúkdómafræðingur beðinn að kanna hvort ákærði kynni að hafa leitað sér lækninga af þessum sökum. Svo reyndist ekki vera á þeim stofnunum sem með slíka sjúkdóma fara. X var fyrir dómi spurð um þetta og kvaðst hún hvorki hafa orðið vör einkenna slíks sjúkdóms hjá ákærða né sjálfri sér.

Hannes Pétursson yfirlæknir rannsakaði geðheilbrigði ákærða eftir að ákærði var leystur úr gæsluvarðhaldi. Niðurstaða þeirrar rannsóknar hljóðar svo:

„Ályktun.

Það er ljóst að Kristinn Ingibergsson er ekki haldinn formlegri geðveiki, meiri háttar taugaveiklun eða greindarskort. Geðrannsókn hefur ekki leitt í ljós merki um afbrigðilegan kynferðisþroska eða hegðun þó slíkt útiloki að sjálfsögðu ekki að Kristinn kunni að hafa gerst sekur um framangreindan verknað. Af þeim gögnum sem liggja fyrir verður heldur ekki ráðið að nein sérstök kynlífsvandamál eða aðrar geðrænar truflanir hafi verið til staðar sem gætu hugsanlega skýrt verknað þann, sem Kristni er gert að sök að hafa framið. Ekki liggja fyrir upplýsingar frá fyrrum eiginkonu Kristins, en þrátt fyrir hjónabandserfiðleika og skilnað, hugsanlega lítillaga misnotkun áfengis og minni háttar lögbrot, verður varla sagt að Kristinn sýni merki um persónuleikatrufanir. Þvert á móti hefur hann sýnt fram á ákveðinn stöðugleika og ábyrgðartilfinningu, t.d. í reglubundinni atvinnusókn.

Þó framangreind geðrannsókn hafi ekki leitt í ljós upplýsingar er kynnu að skýra aðdraganda eða hugsanlegar orsakir fyrir atviki því sem Kristinn er kærður fyrir, þá er ljóst að slíkt útilokar að sjálfsögðu ekki að Kristinn hafi gerst sekur um framangreindan verknað. Kristinn Ingibergsson er að minnu áliti fyllilega sakhæfur, og fari svo að hann verði fundinn sekur um framangreint atvik er ekki ólíklegt að hann muni hafa þörf fyrir aðstoð geðlæknis. Í því sambandi væri ég fús að reyna að aðstoða Kristin með ráðgjöf og meðferð í formi reglubundinna viðtala ef þeim verður við komið.“

Aðalsteinn Sigfússon sálfræðingur gerði tvívegis sálfræðilega athugun á telpunni.

Í fyrri skýrslu hans dagsettri 19.3. 1986 segir m.a.: „Eins og áður er vikið að kemur mikil neikvæðni fram, á djúpstæðu plani til „ákærða“. Í huga hennar stendur hann fyrir sársauka. Þegar undirritaður fór inn á þetta atriði var stúlkan döpur og óákveðin, neitaði hún að teikna mynd af honum, ég vil ekki teikna mynd af honum, mamma á ekki að búa með honum. Greinileg depurð kom fram hjá Y er undirritaður hjálpaði henni að teikna mynd af „ákærða“. Eftir að myndin var fullgerð sagði hún: „Það stingur svo mikið, það stingur líka í pjásuna. Vil ekki vera hjá honum aftur, vil að mamma búi ekki með „ákærða“. Það skal tekið fram að undirritaður hafði í engu látið að því liggja að slíkt hafi e.t.v. átt sér stað. Í grunninn er Y hrædd við ákærða, sem hefur meitt hana, en auk þess er hugsanlegt að hún hafi heyrt einhverja neikvæða umræðu um hann. Y á við mikil innri átök að stríða er hún ræðir um ákærða, því ofangreint er í andstöðu við það sem móðir segir.

Þessi athugun bendir til að um kynferðislegt ofbeldi hafi verið að ræða gagnvart Y. Hún virðist fyrst og fremst upplifa það sem sársauka, hræðslu og óöryggi.

Af umsögnum og símaviðtali er undirritaður átti við X, móður barnsins, kom fram mjög einörð afneitun hennar á að kynferðislegt ofbeldi hafi átt sér stað. Virðist hún á augljósan hátt hafa demonstrerað þessa vörn, m.a. með því að ganga í hjónaband við ákærða eftir að hann hafði setið í gæsluvarðhaldi. Djúpstæðar tilfinningar til barnsins virðast ekki ganga fyrir, heldur þörf hennar að verja manninn. Hér er um, að álitu undirritaðs, alvarlegan varnarmekanismu að ræða hjá konu sem á barn í hættu ef það er í umsjá eiginmanns hennar.

Lokaorð.

Um er að ræða 5 ára telpu, með eðilegan vitsmuna- og félagslegan þroska. Tilfinnanlegir erfiðleikar gera vart við sig vegna kynferðislegs ofbeldis og aðskilnaðar frá móður sem hún er að grunni til mjög tengd. Vegna þessa er hún tviátta gagnvart sínum nánustu og veitist erfitt að tengjast þeim. Annars lýsir hún veru sinni hjá föður og hans fólki á sæmilega jákvæðan hátt enda virðist hún búa við gott atlæti þar. Y hefir ekki verið sagt, á beinan hátt, ástæðuna (sic) fyrir því að hún fær ekki að vera hjá móður eða hitta hana eina. Telpa hefur því sjálf myndað sér fálmkennt útskýringarmótel sem að mestu leyti er haldið leyndu. Kemur þetta í veg fyrir eðlilega tengslamyndun hennar við nýjar persónur í umhverfi hennar og afleiðingin er nokkurt ósætti við núverandi aðstæður. Karlímynd hennar er neikvæð.

Eðli þessa máls veldur því að aðstandendur jafnt sem aðrir eiga erfitt með að taka á því. Hefur þetta ýtt undir einmannaleik (sic) stúlkunnar með vandamál sitt.

Telpa er tviátta en tekur afstöðu gegn ákærða sem stendur í huga hennar fyrir sársauka, óöryggi og jafnvel hræðslu.

Móðir afneitar algerlega verknaði ákærða og gefur þau skilaboð til telpunnar. Þetta verður að taka breytingum. Annars vegar þarf móðir hjálp til þess að takast á við varnir sínar, hins vegar þarf telpan að fá að vita hinar raunverulegu ástæður fyrir því umstangi sem byrjaði á miðju ári 1984. Einungis með því móti getur telpan leyft sér að viðurkenna tilfinningar sínar fyrir sjálfri sér og öðrum. Ef móðir fær ekki aðstoð og tekur ekki tillit til tilfinninga telpunnar er veruleg hætt á, að Y upplifi að móðir hafni henni og til lengri tíma lítið er líklegt að það atriði verði alvarlegasta afleiðingin af þessum verknaði.

Nauðsynlegt er að móður verði gerð grein fyrir þessu.

Undirritaður álitur að hagsmunum barnsins sé best borgið í umsjá föður, en jafnframt að honum og foreldrum hans sé gerð grein fyrir nauðsyn þess að stúlkan viti nákvæmlega um orsakir veru sinnar hjá þeim. Þannig fengi stúlkan virðurkenningu á tilfinningum sínum og tækifæri til að opna sig og vissu fyrir því að viðbrögðum hennar yrði svarað með eðlilegum hætti.

Umgengni telpunnar við móður og móðurömmu er mjög æskileg, en þó aðeins ef sú umgengni fer fram með tilliti til tilfinninga telpunnar og þarfa hennar.“

Í síðari skýrslu sálfræðingsins, sem dagsett er 17. janúar 1987, segir m.a. um X móður barnsins: „Í viðtali er móðir glaðvær og örugg. Segir hún að sambandi hennar og ákærða sé að fullu lokið og gerir hún sér nú grein fyrir vanköntum þessa manns. Segist hún hafa afneitað þessu, en gera sér nú fulla grein fyrir „kynferðislegri brenglun“ hans sem hafi komið mjög fram gagnvart henni sjálfri. Þá kemur einnig fram að hún hafi reiðst mjög á sínum tíma við lestur skýrslu undirritaðs dags. 19.3. 1986, en geri sér nú grein fyrir að skýrslan hafi „komið við kaunin“ á henni því innihald hennar hafi verið rétt.“

„Megin niðurstaða þessarar athugunar og með tilliti til fyrri athugunar er að neikvæð áhrif (bæling neikvæðra tilfinninga, idealisering á móður, nokkur depurð og óöryggi gagnvart aðstæðum) af kynferðislegu ofbeldi gagnvart stúlkunni megi fyrst og fremst rekja til skorts á skilningsríku og styðjandi umhverfi í kjölfar þessa verknaðar. Afleiðingar af verknaðinum eru samvistarslit við móður auk þriggja vistana þar sem líklegt er að enginn hafi haft raunverulegan skilning á traumatískum upplifunum stúlkunnar eða trú og skilning á að þetta hafi raunverulega getað átt sér stað. Mikilvægt er að stúlkan loki ekki af þessa reynslu heldur gefist kostur á að tjá

síð á opinn og einlægan hátt. Svo virðist sem X sé lykilpersónan í lífi barnsins og þörf þess mest til hennar. En með tilliti til reynslu X er ekki líklegt að hún geti sinnt þessu hlutverki hjálparlaust, fari svo að hún fái forsjá barnsins á ný. Til þess að standa undir væntingum barnsins til hennar þarf hún aðstoð, að áliti undirritaðs, um leið og hún þarf aðstoð gagnvart eigin erfiðleikum vegna reynslu sinnar undanfarin ár.

Í framhaldi af ofangreindu þykir undirrituðum ljóst að hræðsla Y við ákærða sé ekki bundin verknadnum sjálfum, heldur mun frekar því raski á andlegum og félagslegum aðstæðum sem hún eðlilega rekur til hans. Það er því mikilvægt að stúlkan sé ekki í návist þessa manns eða verði vör við nálægð hans í gegnum móður. Slíkt mundi raska andlegu og félagslegu jafnvægi hennar. Ef tryggt er að X hafi slitið öllum samskiptum við manninn (sem undirritaður telur að hún hafi gert) og ef maðurinn hefur slitið öllum samskiptum við hana og ef konan fær sálfræðilega aðstoð, telur undirritaður eðlilegt að barnið fái tækifæri til að búa alfarið hjá móður er að sumri dregur.“

X kom fyrir dóm 12. febrúar sl. Hún kvaðst hafa orðið þess vör, eftir að mál þetta kom upp, að ákærði væri ekki eðlilegur í alla staði. Hún hafi gert sér grein fyrir þessu upp á síðkastið eftir að hún losnaði frá ákærða. Hún kvað hann árásgjarnan og eins hafi hann ekki stjórn á gerðum sínum er hann sé undir áhrifum. Hann hafi tvisvar lagt á hana hendur. Hún kvað ákærða oft hafa verið með ýmsar þvinganir í sambandi við kynferðislíf þeirra. Hann hafi t.d. vakið hana eftir að hún var sofnuð og viljað hafa kynmök þótt hún vildi það ekki. Hún kvað ákærða hafa haft mikla kynþörf og helst viljað hafa kynmök á hverju kvöldi og farið í fýlu ef hún vildi ekki þýðast hann. Hún kvaðst þó aldrei hafa orðið vör við neitt óeðlilegt kynferðislega gagnvart sér er þau bjuggu saman. Hún kvað ákærða hafa brugðist illa við er hún hélt því á lofti við hann að hún myndi komast að hinu sanna hjá barninu og hafi hann talið það vantraust á sig og sagt að ekki ætti að ræða þetta við barnið sem ætti að gleyma þessu.

Hún kvað ákærða hafa haldið því mikið fram að barninu hafi verið sagt að segja þetta, en það taldi hún af og frá. Hún kvaðst oft hafa reynt að ræða þetta við barnið en það hafi ekki viljað ræða málið og farið undan í flæmingi. Hún kvað barnið þó hafa opnað sig gagnvart henni eftir að hún var skilin við ákærða og sagði barninu að hún myndi aldrei aftur búa með ákærða eða í Hafnarfirði. Hún kvað barnið þá hafa sagt „að Kiddi pabbi hefði meitt sig“. Barnið hafi sagt tvennt: „Hann stakk typpinu í dolluna mína“ og „hann stakk puttanum í dolluna mína“. Hún kvaðst þá hafa spurt telpuna hvar hún sjálf hafi verið og hafi telpa þá sagt að hún hafi verið sofandi í rúmi sínu. Hún kvaðst álíta að þetta hljóti að hafa

gerst í rúmi telpunnar og var hún þá með í huga blóðið á rúmi telpunnar og veggnum. Hún kvaðst hafa álitid þetta blóðslettur en ekki blóð sem lekið hefði frá barninu.

Hún kvað ákærða hafa verið strangan við barnið og haft vald yfir því, en hann sé sannfærandi og ráði hlutunum. Hún kvað það hreinar línur að ákærði hefði skipað telpunni að skýra ekki frá því hvað gerst hefði. Hún kvaðst sannfærð um að ákærði hefði framið umræddan verknað. Hún kvaðst trúa barni sínu. Hún kvaðst ekki gera sér grein fyrir því hvort það var af hlífð við ákærða, hana sjálfa eða að hún skammaðist sín fyrir þetta, að hún gaf ranga skýrslu við fyrstu yfirheyrslur. Hún kvað ákærða ekki hafa verið mikið drukkinn umrætt sinn. Hún kvað hann ávallt þræta fyrir ef hann gerir eitthvað og þykist hann þá ekki vita hvað yfir sig hafi komið. Hún kvað ákærða sjúkan á geðsmunum og nú áfengissjúkling. Hún kvað ákærða aldrei hafa játað verknaðinn gagnvart sér og það muni hann aldrei gera. Hún kvað ákærða alltaf hafa óttast að hún yfirgæfi hann eftir að mál þetta kom upp. Hún kvað ákærða hafa sagt að hún hefði líf hans á samviskunni alla ævi, ef hún yfirgæfi hann, er hún fór fram á skilnað sl. haust.

Ákærði kom fyrir dóm 18. febrúar sl. og mótmælti hann framburði X, að því leyti sem hann væri í andstöðu við hennar fyrri framburð.

Ákærði og X giftu sig fljótlega eftir að ákærði losnaði úr gæsluvarðhaldi og bjuggu þau saman á sama stað. Barn X var tekið af henni strax eftir að mál þetta kom upp og var það fyrst í fóstri hér syðra en síðan fyrir vestan á heimili kynföður þess. X hefur allar götur síðan átt í baráttu við barnaverndaryfirvöld við að fá barnið aftur en því hefur jafnan verið hafnað. Ákærði og X skildu að borði og sæng sl. haust og býr X nú hjá móður sinni. Hún hefur nú sótt um lögskilnað við ákærða. Til stendur að hún fái barnið aftur í vor enda er talið að hún hafi slitið öll tengsl við ákærða.

Álit réttarins:

Ákærði hefur staðfastlega neitað sök í máli þessu frá upphafi. X, móðir telpunnar Y, hefur frá upphafi neitað því að ákærði gæti hafa framið ofbeldisverk gagnvart telpunni, en við yfirheyrslu fyrir dómi nýverið sneri hún við blaðinu og kvaðst álíta að ákærði hefði framið brotið.

Upplýst er í málinu að föstudagskvöldið 13. júlí 1984, er telpan fór að sofa, var ekkert athugavert við hana, en þá var henni þvegið hátt og lágt af X.

Með hliðsjón af rannsókn tæknimanna RLR og skýrslum ákærða og X verður að telja útilokað að inn í íbúðina hafi verið farið af utanaðkomandi manni sem framið hefði getað ofbeldisverkið. Samkvæmt álitni lækis telst

sannað að áverkar telpunnar stafi af mannavöldum, enda talið óhugsandi að barn geti valdið slíkum áverkum sjálf.

Enginn hlutur fannst við vettvangsrannsókn sem barnið gæti hafa skaðað sig á.

Samkvæmt því sem fram hefur komið í málinu getur því ekki verið öðrum til að dreifa en ákærða og X. Upplýst er í málinu að bæði ákærði og X leyndu rannsóknaraðila og lækna því í upphafi rannsóknar að þau hafi skilið barnið eitt eftir heima um stund, að ákærði hafi neytt áfengis og að ákærði hafi verið einn með barninu um nóttina í allt að 30 - 45 mínútur.

Sannað þykir m.a. með vitnisburði bróður ákærða, skýrslu ákærða sjálfs og skýrslu X., að áhersla hafi verið á það lögð að ekki vitnaðist að ákærði hefði verið einn með barninu um nóttina, þrátt fyrir að ákæri og X telji hinn ranga framburð varðandi þessi atriði frekar hafa verið vegna ótta X við að missa barnið, vitnaðist það að hún hefði skilið það eitt eftir heima. Telja verður þá skýringu ákærða og X léttvæga.

Blóðslettur á rúmi barnsins og vegg benda til þess að verknaðurinn hafi verið framinn í herbergi þeirra X og ákærða.

Barnið Y skýrði hjúkrunarfólki á Landspítala og Gesti Pálssyni barnalækni frá því að pabbi hennar, en þá átti hún við ákærða, hefði gert meiddið með typpinu. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að barnið hafi verið spurt leiðandi spurninga, enda virðist þetta hafa komið fram hjá barninu, er það var með hugann við vissa hluti, t.d. er verið var að sinn nöktum dreng.

Samkvæmt skýrslu sálfræðingsins hefur barnið mjög neikvæða tilfinningu gagnvart ákærða og tengir hann við sársauka o.þ.h. Þá benda orð barnsins hjá sálfræðingnum, er hann hjálpaði henni að teikna ákærða: „Það stingur svo mikið, það stingur í þjásuna“, eindregið til þess að barnið tengi meiðsli sín við ákærða.

Fram hefur komið að barnið sé skýrt og ekkert hefur komið fram sem bendi til þess að barnið hafi búið svona sögu til, enda getur barn á þessum aldri, sem ekki þekkir til kynlífs, ekki sagt slíka sögu nema hún eigi sér stöð í reynsluheimi þess.

Þá tjáði barnið móður sinni, eftir að hún var skilin við ákærða og fullvissaði barnið um að samband þeirra væri endanlega slitið, að ákærði hefði meitt hana með því að stinga typpi inn í dúlluna eða fingri í dúlluna, en svo kallaði barnið kynfæri sín.

Fram hefur komið í málinu að fyrir komi að ákærði missi minnið eftir mikla áfengisneyslu og muni þá ekki vissa tímapunnta. Ekki er ljóst hversu mikil áfengisáhrif ákærða voru umrædda nótt og er því eigi unnt að fullyrða að um slíkt minnisleysi geti hafa verið að ræða umrætt sinn.

Ákærði og X hafa lagt mikla áherslu á mikið kynlíf þeirra, en í síðustu yfirheyrslu yfir X taldi hún kynþarfir ákærða óeðlilega miklar og að hann væri ekki eðlilegur á því sviði þótt hún hefði ekki orðið vör svokallaðs óeðlis.

Með hliðsjón af framansögðu og þrátt fyrir framburð ákærða þykir lögfull sönnun vera komin fram fyrir því að ákærði hafi haft samræði við telpuna Y á heimili sínu umrædda nótt 14. júlí 1984 með þeim afleiðingum sem í ákæru greinir. Sannað telst að verknaður ákærða hafi verið samræði í skilningi 1. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og hefur ákærði unnið til refsingar samkvæmt þeirri grein. Háttsemi ákærða er rétt lýst í ákæru ríkissaksóknara.

B. Ákæra útgefin 12.1. 1987:

Laugardagsmorguninn 15. nóvember 1986 kl. 07:00 var óskað eftir leigubifreið að Engihjalla 17 í Kópavogi. Sigrún Arnarsdóttir, Ferjubakka 6, Reykjavík, f. 2.11. 1953, fór á staðinn í leigubifreiðinni Y-1878 og tók þar upp í bifreiðina farþega sem reyndist vera ákærði.

Hún skýrði svo frá hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi:

Ákærði bað um akstur til Hafnarfjarðar án þess að tiltaka ákveðið heimilisfang, en hann vísaði ökumanni hvert aka ætti. Ökumanni fannst ákærði ekki mikið drukkin og kvað hún hann hafa komið kurteislega fram. Ákærði bað um að bifreiðin yrði stöðvuð við heimili sitt. Er ákærði hugðist greiða ökugjaldið vantaði kr. 100,00 upp á það. Ákærði fór því út úr bifreiðinni og inn til sín á neðri hæð hússins og kom aftur út og settist í aftursæti bifreiðarinnar. Hann rétti ökumanni 5.000,00 króna seðil. Um leið og ökumaðurinn tók við seðlinum greip ákærði um háls ökumanns með báðum höndum og hélt honum þannig. Ökumaður náði að spyrna sér upp í sætinu og upp á sætisbakið og náði hann þannig taki á ákærða og síðan gat hann bitið ákærða í kinnina. Ökumaður hékk þannig í kinn ákærða í þó nokkra stund uns ákærði linaði tók sín á honum hægt og sigandi. Þá sleppti ökumaður takinu á kinn ákærða og náði að rykkja sér fram og sleppti ákærði þá takinu á ökumanni. Ákærði virtist þá átta sig á hlutunum og spurði ökumann hvað hefði skeð. Hann stökk síðan út úr bifreiðinni orðalaust og fór upp á tröppur heima hjá sér. Ökumaður fór í fyrstu út úr bifreiðinni en ók síðan spölkorn í burtu og kallaði á hjálp í talstöð. Ökumaður ók síðan að B.S.H. og komu lögreglumenn í Hafnarfirði þangað og var þeim vísað á hús ákærða. Ökumaður sá engan á ferli við hús ákærða er umræddur atburður átti sér stað. Ökumaður átti erfitt með andardrátt meðan á átökunum stóð og marðist hann á hálsi og einnig sprungu æðar í augnbotnum vegna átakanna. Ökumanni fannst átökin standa yfir í óratíma en taldi þau líklega hafa staðið yfir í 10 mínútur.

Ökumaður kvað ekkert kynferðislegt hafa verið í athöfnum ákærða og ekkert hafi bent til þess að hann ætlaði að fremja rán. Ökumaður kvað ekkert hljóð hafa heyrst frá ákærða meðan á átökunum stóð og hafi svo vírst sem ákærði hefði ekkert fyrir þessu.

Við fyrstu yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði neitaði ákærði að hafa ráðist á leigubifreiðarstjóran. Hann kvaðst hafa verið í Broadway til lokunar umrædda nótt og drukkið þar 3 - 4 glös af tvöföldum vodka. Eftir lokun hafi hann farið í Kópavog og drukkið þar tvö glös af vodka og whisky. Hann kvaðst hafa verið talsvert undir áhrifum áfengis. Hann kvað einhvern hafa komið inn í leigubifreiðina, er hann var að rétta leigubifreiðarstjóranum 5.000,00 króna seðilinn, og slegið sig en síðan ráðist á leigubifreiðarstjóran. Ákærði kvaðst hafa reynt að stöðva mann þennan en þá hafi hann allt í einu verið bitinn mjög fast í hægri kinn. Hann kvaðst síðan hafa reynt að losa sig frá því og einnig frá manni þeim er kom inn í bifreiðina. Sá hafi síðan hlaupið út úr bifreiðinni og kvaðst ákærði hafa elt manninn uns hann missti af honum. Er hann hafi komið til baka hafi lögreglan verið komin á staðinn og handtekið sig. Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 18. nóvember sl. kvaðst ákærði ekki vita af hverju hann tók leigubifreiðarstjóran hálstaki en hann sæi nú að það hafi ekki verið neinn annar en hann sem það hafi gert. Hann kvað það sem hann hafi sagt um einhvern mann hafa verið einhverja meinloku vegna taugaálags. Hann kvaðst hafa verið mjög slæmur á taugum að undanförunu og þjáðst af svefnleysi og þreytu vegna hjónaskilnaðar og fleira sem á honum hafi hvílt. Hann kvaðst því ekki hafa þolað vindrykkju undir þessu taugastressi. Hann kvað því þennan ímyndaða eltingarleik við einhvern mann einhvers konar ofskynjanir sem hann gæti ekki gert sér grein fyrir. Hann kvaðst sjá mjög eftir þessu athæfi og bauðst hann til að greiða leigubifreiðarstjóranum alla læknishjálp og skaða- og miskabætur.

Fyrir dómi kvaðst ákærði ekki muna eftir þessu atviki, en hann hlyti hins vegar að hafa framið verknaðinn með hliðsjón af skýrslum lögreglu og vitna sem hann véfengdi ekki. Ákærði kvaðst hafa verið mjög drukinn umrætt sinn. Hann mundi atburðarás fram að þeim tíma, er hann rétti leigubifreiðarstjóranum 5.000,00 króna seðilinn, en þá hafi hann farið úr sambandi og myndi hann því ekki hvað hefði skeð. Hann kvaðst hafa haft á tilfinningunni að einhver hafi ráðist inn í bilinn og eftir það hefði hann ekkert munað eftir sér. Hann kvaðst hafa rankað við sér er leigubifreiðarstjórin slepti af honum takinu með tönnunum og hefði hann þá hlaupið út úr bilnum og ætlað að elta þann sem honum fannst að hefði ráðist inn í bilinn. Ákærði kvaðst aldrei áður hafa lent í slíku minnisleysi vegna drykkju að hann skynjaði atburði á annan hátt en þeir í raun væru. Er ákærða var bent á framburð hans fyrir dómi í desember sl. varðandi svo-

kallað „black out“, þá kannaðist hann við að það hafi komið fyrir eftir mikla áfengisdrykkju.

Gunnar Þór Alfreðsson, f. 22.6. 1941, gaf skýrslu sem vitni hjá rann-sóknarlögreglu og fyrir dómi. Hann býr í sama húsi og ákærði.

Hann kvaðst hafa verið nývaknaður umræddan morgun er hann hafi heyrt til bifreiðar fyrir utan heimili sitt. Hann kvaðst hafa litið út um eld-húsglugga og séð leigubifreiðarstjórann telja peninga og séð farþegann, sem var ákærði, yfirgefa bifreiðina án þess að loka afturhurðinni og fara inn í kjallara, þar sem hann bjó. Hann kvaðst hafa talið þetta allt eðlilegt og farið að klæða sig, raka sig og hita kaffi. Er hann heyrði að bifreiðin var þarna ennþá, þá hafi hann aftur litið út um eldhúsgluggann og séð að bifreiðarstjórinn var einhvern veginn kominn upp úr bifreiðastjórásætinu og lá aftur með því og að ákærði hélt honum hálstaki. Hann kvaðst þá hafa hringt í lögreglu. Hann kvaðst þá hafa litið aftur út um gluggann og séð að ákærði var enn með haustak á leigubifreiðarstjóranum. Hann kvaðst þá hafa ákveðið að fara út og athuga málið, en er hann hafi verið kominn fram á gang hafi hann séð út um glugga að ákærði og bifreiðarstjórinn voru komin út úr bifreiðinni. Honum virtist ákærði fara inn til sín en bifreiðarstjórinn ganga aftur fyrir bifreiðina og aka síðan burt. Hann kvaðst þá hafa hringt aftur í lögregluna og tilkynnt að allt væri um garð gengið.

Hann kvaðst enga aðra hafa séð á ferli þarna umræddan morgun. Hann kvað ákærða hafa talað við sig síðdegis þennan dag og hefði hann þá verið að tala um einhvern mann sem komið hefði inn í bifreiðina er hann var að borga. Hann kvaðst þá hafa sagt ákærða að hann hefði engan slíkan mann séð.

Í læknisvottorði Brynjólfs Mogensen dr. med. vegna áverka leigubifreiðarstjórans, dagsettu 3.12. 1986, segir m.a.:

„Sigrúnu sagðist svo frá að hún væri leigubílstjóri og um klst. fyrir komu á Slysadeild var farþegi í bílnum hjá sér (sic) sem hafði tekið hana hálstaki og hert að.

Sigrún kvaðst hafa sortnað fyrir augum en náði að bíta árásarmanninn í kinnina.

Á Slysadeild sagðist Sigrún hafa sáran verk í hálsinum sérlega ef hún reyndi að kyngja. Að auki alveg niðurbrotin eftir þennan atburð.

Skoðun leiddi í ljós mar framan á hálsi yfir skjaldkirtilssvæði og aðeins ofan við það. Hálsshreyfingar virtust eðlilegar, getur kyngt og virðist þá barkakýlið hreyfast eðlilega. Lungnahlustun eðlileg. Sigrún er grátklökk meðan á skoðun stendur.

Sigrún var álitin hafa marist við hálstakið og þurfti ekki að meðhöndla neitt sérstaklega.

Samantekt og álit:

Sigrún leitaði á Slysadeild 15.11. vegna áverka eftir líkamsárás. Hafði hún verið tekin hálstaki. Sigrún marðist við átökin en mun ekki hljóta nein varanleg líkamleg mein. Má ætla að atburðurinn komi til með að sitja í lengi á eftir. Sigrún mun þó ná sér að fullu er fram líða stundir.“

Í vottorði sama læknis vegna meiðsla ákærða, segir m.a.:

„Á Slysadeild vildi Kristinn ekki gefa upp hvernig hann hlaut bitið.

Skoðun leiddi í ljós sár eftir tennur á hægri kinn. Mikil bólga til staðar. Tekin var ræktun úr sárinu, það þrifið á hefðbundinn máta og Kristinn settur á sýklalyfjameðferð. Ráðlagt að koma aftur ef ekki betri innan þriggja daga og fyrir ef eitthvað á bjátaði. Ræktunin leiddi ekkert óeðlilegt í ljós og Kristinn hefur ekki leitað aftur á Slysadeild vegna ofanefnds áverka.

Samantekt og álit:

Kristinn leitaði á Slysadeild 15. nóvember 1986 vegna bits á hægri kinn en vildi ekki gefa upp hvernig hann hlaut bitið. Bitið var meðhöndlað á hefðbundinn máta og hefur Kristinn ekki leitað aftur á Slysadeild Bsp. vegna ofanefnds bits.

Hann mun ekki hljóta nein varanleg mein af ofanefndum áverka.“

Þann 3. febrúar sl. varð á bæjarþingi Hafnarfjarðar svofelld sátt á milli ákærða og Sigrúnar Arnarsdóttur:

„Sátt:

Kristinn Ingibergsson greiði Sigrúnu Arnarsdóttur í skaðabætur kr. 75.000,00 og kr. 15.000,00 fyrir lögfræðiaðstoð eða samtals kr. 90.000,00 með hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, nú 27%, frá 15. nóvember 1986 til greiðsludags, innan 30 daga frá dagsetningu sáttar þessarar.

Greiðsla fari fram á skrifstofu Sigmundar Böðvarssonar hdl., Suður-landsbraut 10, Reykjavík.

Skaðabætur vegna umrædds atviks eru að fullu uppgerðar með sátt þessari.

Sátt þessi er aðfararhæf.

Dómarinn gætti leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart stefnda sem er ólög-lærður.“

Með hliðsjón af skýrslum lögreglu, vitna og skýrslum ákærða hjá rann-sóknarlögreglu 18. nóvember sl. og fyrir dómi þykir sannað að hann hefur gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt heimfærð til refsíákvæða.

Meðferð máls þessa fyrir sakadóminum hefur dregist af ýmsum ástæð-

um, m.a. umfangi þess og að ekki reyndist unnt að ljúka því í einum áfanga, sem stafaði m.a. af því að ókleift reyndist að ljúka vitnaleiðslum á áætluðum tíma. Þá ollu miklar annir dómara við önnur embættisstörf því, að ekki reyndist unnt að hafa rannsóknina samfellda eins og æskilegast er í málum sem þessu. Þá þurfti að fella niður fjölda boðaðra þinghalds á árunum 1985 og 1986 vegna forfalla og veikinda m.a. veikinda dómara. Þá ollu ýmis atvik því að rétt þótti að fresta málsmeðferð vegna öflunar nýrra gagna og upplýsinga sem varpað gætu ljósi á málið og óhjákvæmilegt þótti að hafa til hliðsjónar og má í því sambandi nefna það atvik er telpan veiktist í ársbyrjun 1986, sálfræðirannsóknir á telpunni og atriði er tengdust málinu en voru til umfjöllunar á öðrum vettvangi, t.d. hjá barnaverndarnefnd, en dómurinn fékk upplýsingar um og fylgdist með. Að öðru leyti verður drátturinn ekki afsakaður með öðru en tímaskorti og miklum embættisönnum dómara.

Viðurlög A og B:

Refsing ákærða þykir samkvæmt 1. mgr. 217. gr. og 1. mgr. 200 gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 10, 1981, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár og 6 mánuði, en til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhald ákærða frá 26. júlí 1984 til 26. september 1984.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 50.000,00 og saksóknarlauna í ríkissjóð, kr. 40.000,00

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristinn Ingibergsson, sæti fangelsi í 3 ár og 6 mánuði.

Til frádráttar komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 26. júlí 1984 til 26. september 1984.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hrl., kr. 50.000,00 og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 40.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.